



Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Tjaldstæðið í Laugardal

Á fundi borgarráðs 2. apríl 2020 var samþykkt tillaga varðandi rekstur tjaldstæðisins í Laugardal fyrir húsbíla í langtímaleigu.

Í tillögunni fólst m.a. að rekstur tjaldsvæðisins fyrir útleigu í langtímastæðum yrði með þeim hætti að ÍTR annaðist reksturinn til 15. maí 2021.

Lagt er til við borgarráð að ÍTR verði heimilað að gera samning við Farfugla ses um að fyrirkomulag vegna langtímastæða frá 1. júní 2021 - 1. júní 2022 verði með eftirfarandi hætti:

- Farfugla ses annast rekstur þess svæðis sem ætlað er fyrir ferðamenn.
- ÍTR annast rekstur þess svæðis sem ætlað er fyrir langtímaleigu á tímabilinu 1. júní 2021 - 1. júní 2022.
- Sérstakt samkomulag verði gert á milli ÍTR og Farfugla ses um aðgengi gesta í langtímaleigu að snyrtingum, sturtum, eldhúsi, þvottavél og rafmagni.
- Þeir sem leigja stæði vegna húsbíla í langtímaleigu geri samning við ÍTR um mánaðarlegar greiðslur til Reykjavíkurborgar vegna leigu á stæðum og fyrir þá þjónustu sem veitt er á svæðinu. Í slíkum samningi komi einnig fram ákvæði um umgengni og öryggisreglur á svæðinu.
- Lagt er til að gjald verði 27.000 kr. á mánuði frá 1. júní 2021 og renni það til ÍTR.
- Afmarkað verði sérstakt svæði fyrir langtímastæði á því svæði sem ætlað er fyrir húsbíla og það aðskilið frá svæði sem ferðamenn geta nýtt.
- ÍTR annast gæslu og þrif á svæðinu og aðstöðu í mannvirkjum á tímabilinu 1. sept. 2021 - 1. júní 2022.

Fyrir tímabilið 1. júní til 1. september 2021 verði gert sérstakt samkomulag milli ÍTR og Farfugla sem heimili afnot langtímagesta að tjaldstæðinu í Laugardal.

Í samkomulaginu komi fram hvert endurgjald til Farfugla verði vegna þessa.

Lagt er til að þeim sem þess kjósa, af gestum tjaldsvæðis í Laugardal nú, verði boðið að fá afnot af stæðum í sumar á tjaldstæðinu í Laugardal. Þar eru möguleikar að koma fyrir allt að 12 stæðum.

En af fenginni reynslu er ljóst að ekki fer alltaf vel saman rekstur tjaldsvæðis fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og langtímastæði fyrir húsbýlaeigendur.


Því er rétt að taka fram að í sambandi við aðstöðu fyrir langtímastæði, almennt, fyrir húsbíla hefur verið bent á ýmsa staði í borgarlandinu, þar sem slíkri aðstöðu mætti koma fyrir.

Að koma upp nýju svæði hefur í för með sér kostnað vegna framkvæmda svo sem vegna rafmagns, vatns, stæða o.fl. Nauðsynlegt er að horfa til framtíðarlausna í þessu sambandi. Því er lagt til að umhverfis- og skipulagsráði verði falið að gera tillögu um staðsetningu á svæði fyrir langtímastæði fyrir húsbýla.

Á fundi borgarráðs 9. maí 2019 var samþykkt að samningur milli Reykjavíkurborgar og Farfugla ses um rekstur tjaldsvæðisins í Laugardal yrði framlengdur um tvö ár eða til ársins 2021. Fyrir 1. sept. 2021 skyldi tekin ákvörðun um hvort samningnum verði sagt upp eða hann framlengdur.

Farfuglar ses hafa óskað eftir að annast rekstur tjaldsvæðanna í Laugardal áfram í samræmi við fyrirbyggjandi samning.

Lagt er til við borgarráð að núverandi samningur gildi áfram fyrir árin 2022-2024.



Ómar Einarsson.